



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á NORÐURLANDI VESTRA

Fundargerð

20. ársþing SSNV haldið í félagsheimilinu
Fellsborg, Skagaströnd, 12.-13. október og
framhald 27. nóvember 2012

Stefán Haraldsson; Ingibergur Guðmundsson





FÖSTUDAGUR 12. OKTÓBER 2012

Pingsetning

Bjarni Jónsson, formaður stjórnar SSNV, setti þingið og bauð þingfulltrúa, þingmenn og aðra gesti velkomna.

Því næst tilnefndi hann Magnús B. Jónsson, Skagaströnd, sem þingforseta. Var það samþykkt og tók hann við fundarstjórn.

Tillaga að starfsmönnum fundarins

Þingforseti lagði fram tillögu að öðrum starfsmönnum þingsins:

Varaþingforseti: Vignir Sveinsson, Skagabyggð
Þingritari: Stefán Haraldsson, SSNV
Varaþingritari: Ingibergur Guðmundsson, SSNV
Aðrir starfsmenn: Katrín María Andrésdóttir og Gudrun Kloes SSNV

Tillagan var samþykkt.

Tillaga um skipun kjörnefndar

Þingforseti lagði fram tillögu stjórnar um skipan kjörnefndar:

Ásta Pálmadóttir Sveitarfélagið Skagafjörður
Úlfar Sveinsson Sveitarfélagið Skagafjörður
Halldór G. Ólafsson Sveitarfélagið Skagaströnd
Elín Jóna Rósinberg Húnaþing vestra
Vignir Sveinsson Skagabyggð

Tillagan var samþykkt.

Tillaga um þingnefndir og fundarboðendur þeirra

Þingforseti lagði fram tillögu um þingnefndir og fundarboðendur þeirra:

Fjárhags- og laganefnd: Leó Örn Þorleifsson, Húnaþingi vestra, kallar nefndina saman.
Allsherjarnefnd: Sigríður Svavarsdóttir, Skagafirði, kallar nefndina saman. Ritari Ingibergur Guðmundsson.

Tillagan var samþykkt.

Starfsskýrslur

Skýrsla stjórnar SSNV

Formaður sambandsins, Bjarni Jónsson, flutti skýrslu SSNV fyrir árið 2011.

Formaðurinn vísaði til skriflegrar skýrslu sem dreift var fyrir þingið en dró fram nokkur áhersluatriði í máli sínu. Starfsárið hafi verið viðburðaríkt, verkefni samtaka sveitarfélaga hafi haldið áfram að aukast og hlutverk þeirra að breytast eins og nánar verður til umfjöllunar síðar á þinginu. Samskipti við ráðherra hafi nokkuð einkennst af afsökunum þeirra á borð við: „það varð hér hrun“. Hann gerði vaxandi embættismannaræði að umtalsefni og nefndi „borgríki embættismannsins“ í því samhengi. Starfið einkennist af viðvarandi varnarbaráttu landshlutans en nefndi dæmi um mál þar sem árangri hefur verið náð, svo sem varðandi



skipulagsmál almennt þar sem sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaga er í húfi. Þar bæri hæst niðurstöður í deilum varðandi veglínur þjóðveggar 1 í landshlutanum en samgönguráðherra hjó á þann hnút með aðdáunarverðum hætti. Unnið var að eflingu sveitarstjórnarstigsins og hagsmunagæslu fyrir landshlutann auk annarra verkefna, svo sem samstarfi við ríkið um vaxtar- og menningarsamninga.

Þá gerði formaðurinn Sóknaráætlun landshluta að umræðuefni en of snemmt væri að segja um hvernig þeirri hugmyndafræði reiðir af – skortir á að fjármagn fylgi með í pakkanum, niðurskurður í heildarfjárframlögum blasir við en framundan væri skipting á 400 mkr. til landshlutanna í gegnum sóknaráætlanirnar. Kvað hann margt jákvætt í vinnu við sóknaráætlun, meðal annars samstarf við aðra landshluta, en mikill tími starfsfólks SSNV hefði farið í þetta verkefni.

Þá hefði SSNV beitt sér í hagsmunagæslu í sambandi við breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu, en þar væru miklir hagsmunir í húfi fyrir sveitarfélögin á svæðinu.

Samtökin á Norður- og Vesturlandi hafa unnið saman varðandi almenningssamgönguverkefnið og sameiginlegt útböð á akstri hefur lækkað fargjöld og bætt þjónustuna. Í kjölfarið hafi orðið vart við aukna nýtingu innan svæðisins og þannig væru markmið um styrkingu innviða að nást.

Landshlutinn hefur hins vegar farið halloka í vegaáætlun og mikil vinna framundan í þeim málaflökki.

Átaksverkefni í að bæta búsetuskilyrði á svæðinu er í farvatninu hjá SSNV en í því samhengi hallar mest á konur ef marka má tölfræði svæðisins. Því þarf að reyna að snúa við og ekki bara atvinna sem þar er til umræðu. Skapa þarf tækifæri fyrir ungt fólk til að hasla sér völl. Í þessu verkefni er framundan samstarf við ýmsar stofnanir, svo sem Vinnumálastofnun, Bygðastofnun og innanríkisráðuneyti. Nýjar námsbrautir í FNV og innleiðing dreifnáms eru viðleitni í þessa veru.

Þá rakti formaðurinn að flutningur stórra verkefna til samtaka sveitarfélaga, að undirlagi ríkis og Sambands íslenskra sveitarfélaga, væri í bígerð, til dæmis málefni aldraðra. Ástæða sé til að staldra við í þeirri þróun og ná fyrst að fóta sig í þeim verkefnum sem þegar eru komin, skoða í því samhengi smærri verkefni sem hafa verið tekin í burtu. Nefni formaðurinn ýmis eftirlitsverkefni tengd atvinnulífinu í því sambandi.

Þá kom fram í máli formanns að Jöfnunarsjóður hafi því miður lagt áherslu á skuldug sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og ráðstöfun aukaframlaga til skuldugustu sveitarfélaganna meitluð í lagasetningu. Framlagið sé hins vegar í uppnámi á næsta ári og muni gríðarlega um þetta fyrir sveitarfélögin hér á svæðinu.

Að lokum nefndi formaðurinn að tryggja þarf lýðræðislega aðkomu íbúa að málefnum samtakanna og þróa samskipti aðildarsveitarfélaganna og SSNV. Tók hann fram að gott samstarf og samstaða hefði verið á svæðinu og mikilvægt að halda henni áfram. Þakkaði formaðurinn að endingu félögum sínum í stjórninni og starfsfólki sem hefur unnið mjög gott starf.

Starfsskýrsla verkefnastjóra málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra

Verkefnastjóri málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra, Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir, flutti starfsskýrslu sína sem miðast við tímann milli ársþinga SSNV. Studdist hún við glærur sem ásamt skýrslunni eru aðgengilegar á heimasíðu SSNV.

Starfsskýrsla Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra

Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, Sigurjón Þórðarson, greindi frá helstu atriðum í starfsemi Heilbrigðiseftirlitsins fyrir árið 2011. Skýrsluna í heild er að finna í prentaðri ársskýrslu SSNV.



Sigurjón lauk máli sínu með því að þakka framkvæmdastjóra SSNV og hans starfsfólki fyrir samstarf og stuðning, sem og sveitarstjórnarmönnum og starfsfólki heilbrigðiseftirlitsins.

Markaðsstofa Norðurlands

Ásbjörn Björgvinsson framkvæmdastjóri

Ásbjörn lýsti starfssvæði Markaðsstofunnar og fór yfir helstu verkefni Markaðsstofunnar. Hann studdist við glærur í máli sínu en þær eru aðgengilegar á heimasíðu SSNV.

Ásbjörn kynnti sérstaklega Flugklasann Air 66N, tilgang verkefnisins, markmið og samstarfsaðila.

Að lokum þakkaði Ásbjörn gott samstarf við SSNV.

Starfsemi SSNV atvinnuþróunar og Vaxtarsamnings

Katrín María Andrésdóttir verkefnisstjóri

Katrín María fór yfir starfsemi SSNV atvinnuþróunar og Vaxtarsamnings. Í máli sínu studdist hún við glærur sem eru aðgengilegar á heimasíðu SSNV og vísaði jafnframt til viðeigandi kafla í ársskýrslu SSNV. Auk þess bauð hún fundarmönnum að hafa samband í framhaldinu til að fá nánari upplýsingar og þakkaði að lokum fyrir gott samstarf og stuðning.

Skýrsla framkvæmdastjóra, ársreikningar 2011 og fjárhagsáætlanir 2013

Framkvæmdastjóri SSNV, Jón Óskar Pétursson, fór yfir ársreikninga SSNV, SSNV atvinnuþróunar og Byggðasamlags um málefni fatlaðra, fyrir árið 2011. Einnig gerði hann grein fyrir rekstraráætlunum fyrir árið 2013. Jón Óskar studdist við glærur í máli sínu og eru þær aðgengilegar á heimasíðu SSNV auk þess sem vísað er til prentaðrar ársskýrslu.

Nokkrir þættir úr starfseminni: Almenningsamgöngur teknar yfir í árslok 2010. Landshlutasamtökin eru nú sérleyfishafar á svæðinu. Gott samstarf við SSV um aksturinn. Útboð fór fram, samið var við Hópbíla samkvæmt útboði. Hópbílar fá fast verð fyrir aksturinn, Strætó fær ákveðna umsýsluþóknun fyrir aðganginn að leiðakerfi þeirra. Samið við tvo aðila um tengiakstur við Hvammstanga og Skagaströnd.

Akstur hófst 1.9.2012. Akstur um Þverárfjall hefur komið mjög vel út. Vöxtur í ferðum innan svæða líkast til tengt nemendum FNV. Farþegafjöldi fyrsta mánaðar umfram áætlanir, sömuleiðis tekjur. Fargjöld hafa lækkað en munu samt standa undir rekstrinum. Í þessu fyrirkomulagi felast tækifæri til framþróunar í skóla- og menntamálum, grunnskólaaksturs og fleira.

Unnið er að endurskoðun kerfisins á bakvið sóknaráætlun heima í héraði í samvinnu við stýrinet ráðuneyta. Strúktúr SSNV uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru en framundan er myndun sérstaks samráðsvettvangs fulltrúa sveitarfélaga, atvinnulífs og stofnana. Á þessum samráðsvettvangi verður sóknaráætlun undirbúin.

Ýmsar áskoranir eru framundan varðandi lýðræðissjónarmið í starfsemi landshlutasamtakanna og umboð þeirra til að vinna stefnumótun landshlutans. Á ársþing til dæmis að fela SSNV formlega að vinna sóknaráætlun fyrir Norðurland vestra?

Jón Óskar þakkaði að lokum starfsfólki SSNV góð störf og stjórnarmönnum ánægjulegt samstarf.

Fyrirspurnir og umræður um skýrslur.

Tveir aðilar kvöddu sér hljóðs í umræðu um skýrslur, reikninga og fjárhagsáætlanir.



Sigurður Valur Ásbjarnarson bæjarstjóri Fjallabyggðar flutti þinginu kveðjur Fjalla- og Dalvíkurbyggða til fundarmanna og þakkaði gott samstarf um málefni fatlaðra. Jafnframt þakkaði hann Sigurjóni heilbrigðisfulltrúa og Jóni Óskari í tengslum við samstarf um almenningssamgöngur. Mikilvægt væri að huga að almenningssamgöngum um utanverðan Tröllaskaga. Ennfremur lýsti hann yfir ánægju með samstarf við stjórn SSNV. Þá gerir hann ekki athugasemdir við fjárhagsáætlanir og lýsir fullu trausti á starfsfólk í samstarfsverkefnum.

Elín R. Líndal þakkaði framlagðar skýrslur og störf þeirra sem lagt hafa hönd á plóg. Fagnar hún umfjöllun þeirri sem framundan er á málþinginu.

Elín gerði að umtalsefni nefnd sem var sett af stað á vegum SSNV um eflingu sveitarstjórnarstigsins 2010 en lítið hefur heyrst frá henni nema ein könnun um viðhorf íbúa til sameiningarmála. Kallar hún eftir hugmyndum nefndarinnar um það hvernig hugsanlega mætti haga stækkun sveitarfélaga á svæðinu.

Þingforseti vísaði að svo búnu ársreikningunum og fjárhagsáætlunum til fjárhags- og laganeftar.

Tillögur og ályktanir lagðar fram

Fyrir þinginu lágu tillögur að ályktunum og lagabreytingum frá stjórn SSNV.

Breytingar á samþykktum SSNV

Um kosningar á ársþingi SSNV

Var

4.1

Stjórn SSNV skal skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Skal hún kosin á ársþingi annað hvert ár. Formaður og varaformaður skulu kosnir sérstaklega á sama þingi. Stjórn skiptir með sér verkum að öðru leyti.

Kjörgengir til stjórnarkjörs eru þeir sem eru kjörgengir til setu á ársþingi. Sá sem kjörinn hefur verið aðalmaður í stjórn þrjú kjörtímabil í röð, þ.e. sex ár, er ekki kjörgengur til stjórnar næstu tvö ár.

Miða skal við að stjórn sé skipuð tveimur fulltrúum úr Skagafjarðarsýslu, tveimur fulltrúum úr Austur-Húnavatnssýslu og einum fulltrúa úr Vestur-Húnavatnssýslu. Varastjórn sé skipuð af starfssvæðinu með sama hætti. Formanns- og varaformannskjóri skal þannig hagað að annað hvert kjörtímabil komi báðir úr Skagafirði. Annað hvert kjörtímabil skal formaður hins vegar vera úr annarri hvorri Húnavatnssýslu og skal varaformaður þá koma úr þeirri sýslu er ekki á formanninn. Skulu þeir síðan skipta á embættum um mitt kjörtímabil, á ársþingi milli kjörþinga, þannig að formennska deilist á sýslurnar eitt ár í senn.

Verður

4.1

Stjórn SSNV skal skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Skal hún kosin á ársþingi annað hvert ár. Formaður og varaformaður skulu kosnir sérstaklega á sama þingi. Stjórn skiptir með sér verkum að öðru leyti.

Kjörgengir til stjórnarkjörs eru þeir sem eru kjörgengir til setu á ársþingi. Sá sem kjörinn hefur verið aðalmaður í stjórn þrjú kjörtímabil í röð, þ.e. sex ár, er ekki kjörgengur til stjórnar næstu tvö ár.



Miða skal við að stjórn sé skipuð tveimur fulltrúum úr Skagafjarðarsýslu, tveimur fulltrúum úr Austur-Húnavatnssýslu og einum fulltrúa úr Vestur-Húnavatnssýslu. Varastjórn sé skipuð af starfssvæðinu með sama hætti. Kjörtímabil formanns og varaformanns er tvö ár.

Ályktanir

Eftirfarandi tillögur stjórnar að ályktunum voru lagðar fram og vísað til allsherjarnefndar.

Almenn ályktun um stjórnsýslulegt forræði byggðamála.

20. ársþing SSNV, haldið á Skagaströnd 12.-13. október 2012, leggur áherslu á að stjórnsýslulegt forræði byggðamála verði færð til Innanríkisráðuneytisins vegna náinna tengsla við málaflokka þess ráðuneytis m.a. samgöngu og sveitarstjórnarmála. Vísað er til stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnar frá maí 2009, um að unnið verði á kjörtímabilinu að víðtækri breytingu stjórnsýslunnar með fækkun ráðuneyta og sameiningu málaflokka m.a. með stofnun nýs ráðuneytis sveitarstjórnar, samgöngu og byggðapróunar. Þá er einnig minnt á ályktun landsþings Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá árinu 2010 um að byggðamálin verði á forræði innanríkisráðuneytisins vegna náinna tengsla við sveitarstjórnarstigið. Ekki er síður mikilvægt í þessu samhengi, að á sama tíma hafa stjórnvöld unnið að áætluninni Ísland 20/20 Sóknaráætlun fyrir atvinnulíf og samfélag. Þar sem sett er að markmiði einföldun og samþætting áætlana stjórnvalda og efla samstarf stjórnsýslustiga og stofnana þeirra. Stofnað hefur verið til stýrinets Stjórnarráðsins í þessum tilgangi og komið á samstarfi við sveitarstjórnarstigið um gerð Sóknaráætlunar landshluta árin 2012-2020. Forsætisráðuneyti og innanríkisráðuneyti hafa verið í forystu um framkvæmd þessarar vinnu en innanríkisráðuneyti er með ábyrgð á umsýslu málsins.

Framangreind vinna hefur leitt fram að byggðamál snertir flest verkefni stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga en um leið vöntun á skilgreiningu verkefnisins og hvar samþætting þess fari fram. Ríkisstjórnin hefur í minnisblaði dags. 22. júní 2012 um útfærslu Sóknaráætlunar landshluta árin 2012-2020, sett fram nálgun á viðfangsefninu með skilgreiningu á hugtakinu byggðamál; Byggðamál eru öll þau viðfangsefni sem hafa áhrif á lífsgæði og samkeppnishæfni landshluta, s.s. búsetu, atvinnu og nýsköpun. Þau snúa að eflingu samfélaga, félagsauðs, atvinnulífs, menntunar, menningar, velferðarmála, samgangna og fjarskipta.

Samgöngumál

20. ársþing SSNV, haldið á Skagaströnd 12.-13. október 2012, leggur þunga áherslu á að áfram verði unnið að uppbyggingu vegakerfisins á Norðurlandi vestra og mótmælir harðlega því afskiptaleyssi sem landshlutanum er sýndur þegar kemur að nýframkvæmdum í Samgönguáætlun 2011-2022. Áherslur sveitarstjórnarmanna á Norðurlandi vestra hafa mörg undanfarin ár miðað að því að byggja upp greiðari samgöngur innan svæðis, m.a. með viðhaldi núverandi vegakerfis og stækkun vinnusóknarsvæða að leiðarljósi. Aukin umferð ferðamanna kallar víða á úrbætur á héraðsvegum af öryggissjónarmiðum og því er mikilvægt að horfa sérstaklega til þess að héraðs- og tengivegir verði lagðir bundnu slitlagi.

Þá telur þingið mikilvægt innanlandsflug til Sauðárkróks heffist að nýju.

Þingið beinir því til Innanríkisráðherra að eftirfarandi framkvæmum á Norðurlandi vestra verði settar á samgönguáætlun.

- ✓ **Pverarfjallsvegur.** Endurbygging Skagastrandarvegar frá þjóðvegi 1 að Höskuldsstöðum. Jafnframt verði lokið gerð vegarins á Sauðárkróki.



- ✓ **Héraðs- og tengivegir.** Afar brýnt er að stórbaeta viðhald héraðs- og tengivega í Húnavatnssýslum og Skagafirði og þeir lagðir bundnu slitlagi. Eftirfarandi framkvæmdir eru áherslur ársþingsins árána 2012-2014.
 - **Vatnsnesvegur 711**
 - **Skagavegur 745**
 - **Skagafjarðarvegur 752**
- ✓ **Þjóðvegur 1.** Áfram verði unnið að viðhaldi og breikkun þjóðvegur 1 um Húnavatnssýslur.
- ✓ **Vegstæði um Holtavörðuheidi.** Nú þegar verði hafnar athuganir á lækkun vegstæðis þjóðvegur 1 um Holtavörðuheidi og sú framkvæmd sett á samgönguáætlun.

Árþingið beinir því til þingmanna kjördæmisins að beita sér fyrir að þessar framkvæmdir nái fram að ganga sem fyrst.

Þingið mótmælir einnig harðlega einhliða ákvörðun Vegagerðarinnar um niðurfellingu vega af vegaskrá m.a á Hvammstanga, Blönduósi og Hofsósi og hvetur Vegagerðina til þess að endurskoða fyrri ákvörðun nú þegar.

Almenningssamgöngur

20. árþing SSNV, haldið á Skagaströnd 12.-13. október 2012, fagnar þeim breytingum sem gerðar hafa verið á skipulagi almenningssamgangna með samningum SSNV og Vegagerðarinnar. Samningurinn gefur sveitarfélögunum kost á þróun almenningssamgangna sem m.a hafi að markmiði m.a að tengja saman byggðarlög innan landshlutans sem skapar nýja möguleika fyrir framhaldsskólanemendur og stækkun vinnusóknarsvæða. Þingið hvetur hvetur stjórnvöld til þess að styðja við sveitarfélögin á Norðurlandi vestra, með auknum fjárveitingum, í áframhaldandi þróun kerfisins. Þingið beinir því jafnframt til Vegagerðarinnar að ráðast nú þegar lagfæringar á aðstöðu m.a á gatnamótum þjóðvegur 1 og Hvammstangavegar, þannig að öryggi á skiptistöðum verði tryggt.

Málefni sveitarfélaga.

20. árþing SSNV, haldið á Skagaströnd 12.-13. október 2012, leggur áherslu á, að mikið og náið samstarf ríkis og sveitarfélaga fari fram á þeim nótum að þar fari tvö sjálfstæð stjórnsýslustig. Þingið leggur þunga áherslu á að ekki verið ráðist í neinar þær breytingar á regluverki Jöfnunarsjóðs sem skert geta framlög til sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Þingið minnir á að sveitarfélögin á Norðurlandi vestra hafa um árabíl glímt við tekjusamdrátt og fólksfækkun. Árþingið leggur áherslu á að ríkið endurgreiði sveitarfélögum hækkun tryggingargjalds. Jafnframt renni aukaframlag áfram til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Þingið leggur áherslu á að fjölgað verði undanþáguákvæðum vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts. Bendir þingið í því samhengi á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna fráveituframkvæmda, kaupa á slökkvibúnaði og eyðingar refa og minka.

Fjarskiptamál.

20. árþing SSNV, haldið á Skagaströnd 12.-13. október 2012, fagnar þeim áföngum sem náðst hafa í bættum fjarskiptum á Norðurlandi vestra, þó enn megi betur gera. Ennþá búa byggðarlög m.a við utanverðan Skaga við afar ótryggt fjarskiptasamband og krefst þingið þess að stjórnvöld bregðist við með tafarlausum úrbótum.



Þingið leggur ríka áherslu á að stjórnvöld beiti sér fyrir jöfnun verðlagningar á gagnaflutningum og háhraðatengingum til allra landsmanna. Um er að ræða óþolandi samkeppnislega mismunun fyrir fyrirtæki og stofnanir á landsbyggðinni og því er afar brýnt að stjórnvöld komi strax fram með tillögur til þess að leiðrétta þennan mismun.

Atvinnumál.

20. ársþing SSNV, haldið á Skagaströnd 12.-13. október 2012, leggur áherslu á eftirfarandi þætti í atvinnumálum:

- ✓ Að tafarlaust verið ráðist í stækkun Blönduvirkjunar og orkuframleiðsla virkjunarinnar verði nýtt til atvinnuuppbyggingar á svæðinu eins og stjórnvöld gáfu fyrirheit um á sínum tíma. Einnig vísast í tillögu að rammaáætlun í því sambandi. Þingið skorar á stjórnvöld að beita sér sérstaklega fyrir því að áform um uppbyggingu iðnaðar nái fram að ganga á starfssvæði samtakanna.
- ✓ Mikilvægt er að tryggja stöðugleika og framþróun í rekstrarumhverfi sjávarútvegs og landbúnaðar sem eru grunnstoðir atvinnulífs á Norðurlandi vestra. Þingið leggur þunga áherslu á að hagsmunir sjávarútvegs og landbúnaðar verði tryggðir í hvívetna.
- ✓ Að hækkun virðisaukaskatts á gistingu verði tekin til endurskoðunar. Stuttur aðlögunartími gerir ferðaþjónustufyrirtækjum mjög erfitt fyrir varðandi verðlagningu sinnar þjónustu. Því er mikilvægt að boðaðar hækkningar virðisaukaskatts á gistingu verði dregnar til baka og fram fari víðtækt samráð við hagsmunaaðila um breytingar á skattaumhverfi greinarinnar.
- ✓ Flutningskostnaður er landsbyggðarskattur og því er afar brýnt að tillögur um jöfnun flutningskostnaðar nái strax fram að ganga. Þá telur þingið að taka þurfi skattlagningu á eldsneyti til endurskoðunar því hátt eldsneytisverð hefur nú þegar haft neikvæð áhrif m.a. á ferðaþjónustu og framleiðslukostnað fyrirtækja á landsbyggðinni.
- ✓ Fjármagn verði tryggt til þeirra verkefna sem lögð voru til í skýrslu Norðvesturnefndar og hugað verði sérstaklega að þeim tillögum sem ekki náðu fram að ganga innan nefndarinnar.
- ✓ Að tryggt verði að þær breytingar sem gerðar hafa verið á vinnulagi fjárlaganefndar skerði ekki framlög til þeirra verkefna á Norðurlandi vestra sem fengið hafa stuðning nefndarinnar.
- ✓ Starfsemi landshlutasamtaka og atvinnuþróunarfélaganna verði tryggð. Þingið leggur áherslu á að SSNV verði leiðandi í boðaðri endurskoðun á stoðkerfi atvinnulífsins í landshlutanum og bendir í því sambandi á markmið Sóknaráætlunar landshluta um aukin áhrif sveitarfélaga og aðila í héraði í svæðisbundinni stefnumótun. Þá tekur þingið undir fyrri ályktun stjórnar SSNV um að SSNV atvinnuþróun taki yfir starfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar á Norðurlandi vestra.
- ✓ Að aðgengi fyrirtækja á landsbyggðinni að fjármagni á samkeppnishæfum kjörum verði tryggt m.a. í gegnum lánasvið Byggðastofnunar og aðrar bankastofnanir í landinu.

Í náttúruhamförum af völdum óveðurs sem gekk yfir Norðurland þann 10. september 2012 urðu bændur á Norðurlandi vestra fyrir umtalsverðu tjónir sem enn hefur ekki verið lagt mat á að fullu. Þingið skorar á stjórnvöld að tryggja Bjargráðasjóði fjármagn til þess að bæta bændum það tjón sem þeir urðu fyrir í hamförunum



Þá minnir þingið á mikilvægi fjölmargra starfa í heilbrigðisþjónustu á svæðinu. Þingið leggur áherslu á að lengra verði ekki gengið í niðurskurði.

Veiðigjald

20. ársþing SSNV, haldið á Skagaströnd 12.-13. október 2012, lýsir yfir áhyggjum af áhrifum veiðigjalds á fyrirtæki, einstaklinga og sveitarfélög á Norðurlandi vestra. Minnt skal á að undanfarin ár hefur svæðið mátt búa við samdrátt á ýmsum sviðum. Stórfelld gjaldtaka á fyrirtækjum í sjávarútvegi er því bein aðför að stöðu Norðurlands vestra. Þingið krefst þess einnig að sjávarbyggðir njóti réttlátar hlutdeildar í hverri þeirri gjaldtöku sem lögð verður á greinina og bendir á að samkvæmt fjárfestingaáætlun ríkisstjórnarinnar eru engar framkvæmdir, sem fjármagnaðar eru af veiðigjaldi fyrirhugaðar, á Norðurlandi vestra næstu árin.

Umhverfis- og náttúruverndarmál.

20. ársþing SSNV, haldið á Skagaströnd 12.-13. október 2012, útrekar fyrri ályktun um mikilvægi þess að ríkisvaldið komi að uppbyggingu hálendismiðstöðvar á Hveravöllum.

Ársþingið skorar á ríkisvaldið að veita auknu fjármagni til eyðingar refa og minka, þar sem framlög til þessa verkefnis eru með öllu óviðunandi. Fjölgun minka og refa hefur mjög skaðleg áhrif á lífríki í landinu og eðlilegt er að ríkið komi sem fyrr að málaflokknum með sveitarfélögum. Þingið hvetur til þess að sveitarfélögum og stofnunum þeirra verði falin aukin verkefni og sjálfstjórn á sviði svæðisbundinna málefna í umhverfismálum og umhverfiseftirliti.“

Rannsóknir, mennta- og menningarmál.

20. ársþing SSNV, haldið á Skagaströnd 12.-13. október 2012, hvetur stjórnvöld til að nýta þau tækifæri sem felast í eflingu Háskólans á Hólum. Kjarnagreinar skólans, þ.e. fiskeldi, ferðaþjónusta og hestamennska, munu gegna stóru hlutverki í uppbyggingu atvinnulífs og sköpun nýrra starfa og því er afar brýnt að styðja við og efla enn frekar háskólanám í þessum greinum.

Ársþingið áréttar mikilvægi þess að fjárframlög til Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra verði í samræmi við þá starfsemi sem þar fer fram. Þingið útrekar einnig fyrri ályktun þar sem menntamálaráðherra er hvattur til þess að horfa til þeirra möguleika sem gætu falist í að gera skólann leiðandi á ákveðnum sviðum verknáms og sækja þannig fram á eigin styrkleiku m.a með áframhaldandi þróun dreifnáms. Þingið fagnar stuðningi stjórnvalda við uppbyggingu dreifnáms í Húnaþingi vestra í gegnum Sóknaráætlun landshluta.

Þingið telur mikilvægt að styðja áfram við uppbyggingu rannsókn- og þekkingarsetra, m.a. Biopol, Versins, Textílseturs Íslands og Selaseturs Íslands, sem þegar hafa sannað gildi sitt.

Þingið telur mikilvægt að áfram verði tryggt fjármagn til þeirra fjölmörgu menningarverkefna sem verið hafa í þróun og uppbyggingu á Norðurlandi vestra.

Farskólinn – miðstöð símenntunar og fjarnámsverin gegna afar þýðingarmiklu hlutverki fyrir fyrirtæki, atvinnulíf og fjarnámsnema á framhalds- og háskólastigi í smærri byggðarlögum. Ársþingið skorar á menntamálaráðherra að beita sér fyrir þátttöku ríkisins í rekstri fjarnámsvera og standi með öflugum hætti að baki símenntunarmiðstöðvum. Þingið krefst þess að fundinn verði sanngjörn kostnaðarskipting um tónlistarnám á framhaldsskólastigi hið fyrsta.



Heilbrigðismál

20. ársþing SSNV, haldið á Skagaströnd 12.-13. október 2012, leggur áherslu á að íbúum Norðurlands vestra verði áfram tryggð góð og fjölbreytt heilbrigðisþjónusta í heimabyggð. Ekki er ásættanlegt, vegna öryggissjónarmiða og kostnaðar, að íbúar Norðurlands vestra þurfi að ferðast um langan veg til að sækja heilbrigðisþjónustu. Fráleitt er að ríkið velti meiri kostnaði á íbúa með þessum hætti.

Þingið beinir því til velferðarráðherra að hverjar þær breytingar sem kunna að verða gerðar á skipulagi rekstrar heilbrigðisstofnana á Norðurlandi vestra miði að því að efla stofnanirnar og standa vörð um það góða starf sem þar er unnið. Tekið verði mið af vilja heimamanna við allar breytingar. Rekstur bráðaryma er órjúfanlegur hluti af starfsemi heilbrigðisstofnana og gríðarlegt öryggismál.

Árþingið krefst þess að ekki verði gengið lengra en orðið er í niðurskurði fjárveitinga til heilbrigðisstofnanna á svæðinu.

Opinberar stofnanir

20. ársþing SSNV, haldið á Skagaströnd 12.-13. október 2012, minnir á að á undanförunum árum hefur verið byggð upp starfsemi opinberra stofnana á Norðurlandi vestra. Má þar nefna Fæðingarorlofsjóð, Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar, Atvinnuleysistryggingasjóð, Byggðastofnun og starfsstöð Íbúðalánasjóðs. Starfsemi þessara stofnana hefur verið til mikillar fyrirmyndar og hefur sýnt að starfsemi opinberra stofnana getur dafnað á landsbyggðinni. Þingið lýsir yfir áhyggjum af áformum af borðaði lokun meðferðarheimilisins í Háholti í Skagafriði og skorar á Velferðarráðherra að endurskoða þau áform í góðri samvinnu við heimamenn.

Árþingið krefst þess að starfsemi opinberra stofnana á Norðurlandi vestra verði tryggð og kannaðir möguleikar á frekari eflingu þeirra, m.a. með tilfærslu starfa og staðsetningu nýrra verkefna. Árþingið fagnar ákvörðun um að Norðurland vestra sé skilgreint sem sérstakt lögregluumdæmi.

Árþingið leggur áherslu á að sveitarfélög utan höfðaborgarsvæðisins hafi fulltrúa í stjórnnum og nefndum þeim er fjalla um opinbera stjórnsýslu og þjónustu í landinu. Þingið beinir því sérstaklega til Sambands íslenskra sveitarfélaga að hugað verði betur að aðkomu sveitarfélaga á landsbyggðinni að ákvarðanatöku og nefnda- og stjórnarstörfum á vettvangi þess.

Niðurgreiðslur til húshitunar

20. ársþing SSNV, haldið á Skagaströnd 12.-13. október 2012, skorar á þingmenn Norðvesturkjördæmis að standa vörð um niðurgreiðslur til húshitunar. Þingið telur að hækka þurfi fjárlagaliðinn verulega við gerð fjárlaga fyrir árið 2013 og þarf hann að nema 1.200 mkr að lágmarki.

Þingið bendir á að á sama tíma og raforkuverð hefur hækkað verulega hefur fjárlagaliðurinn, og þar með taldar niðurgreiðslurnar, staðið í stað.

Þingið telur niðurgreiðslurnar afar mikilvægt byggða- og réttlætismál. Húshitunarkostnaður með rafkyndingu er mjög hár í samanburði við jarðvarmaveitur. Sá munur hefur farið vaxandi með verulegum hækkunum raforkuverðs á undanförunum misserum. Þingið fagnar þeim breytingum að hækka endurgreiðslustyrki vegna lagningu nýrra hitaveitna úr 8 árum í 12 en minnir jafnframt á nauðsyn þess að fjármagn fylgi þessum breytingum.



Lagning hitaveitna

20. ársþing SSNV, haldið á Skagaströnd 12.-13. október 2012, hvetur til þess að stutt verði við uppbyggingu hitaveitna á Norðurlandi vestra til jöfnunar lífskjara og að sveitarfélögum sem standa fyrir lagningu hitaveitna verði ekki gert að greiða sérstakt auðlindagjald vegna þeirra.

Árþingið fagnar stuðningi stjórnvalda við lagningu hitaveitu frá Reykjum til Skagastranda í gegnum Sóknaráætlun landshluta.

Þá skorar þingið á forsætisráðuneytið að greiða fyrir því að Húnaþingi vestra verði tryggður nýtingarréttur á jarðhitasvæðinu á Reykjum í Hrutafirði til lagningar hitaveitu í dreifbýli.

Bjarni Jónsson, formaður stjórnar SSNV, kvaddi sér hljóðs og las upp eftirfarandi skilaboð til nefnda þingsins:

Stjórn SSNV beinir því til allsherjarnefndar 20. ársþings að taka eftirfarandi til umræðu í starfi nefndarinnar.

- Sóknaráætlun landshluta – umboð SSNV og áherslur svæðisins.
- Lýðræðissjónarmið vegna samstarfs sveitarfélaga
- Ný verkefni

Að auki mun allsherjarnefnd fjalla um drög að ályktunum sem lögð hafa verið fram fyrir þingið.

Stjórn SSNV beinir því til fjárhags- og laganeftarandi að taka eftirfarandi til umræðu í starfi nefndarinnar.

- Kalla þær breytingar sem boðaðar eru á hlutverki landshlutasamtaka og svæðasamvinnu sveitarfélaga á breytingar á samþykktum SSNV?

Að auki mun fjárhags- og laganeftarandi fjalla um fjárhagsáætlanir 2013 og ársreikninga 2011. auk tillögu stjórnar að breytingu á samþykktum.

Breytingatillögur við tillögur stjórnar

Þóra Sverrisdóttir tók til máls og þakkaði fyrir góð erindi og yfirferð framsögumanna. Lagði hún fram tvær breytingatillögur við tillögur stjórnar:

Tillaga til breytinga á tillögu stjórnar um breytingu á grein 4.1 í lögum SSNV

3. málsgrein í tillögu stjórnar hljóði svo:

Miða skal við að stjórn sé skipuð tveimur fulltrúum úr Skagafjarðarsýslu, tveimur fulltrúum úr Austur-Húnavatnssýslu og einum fulltrúa úr Vestur-Húnavatnssýslu. Jafnframt skuli gætt jafnræðis kynja við skipan í stjórn SSNV, þau svæði sem eiga tvo fulltrúa skuli skipa karl og konu. Varastjórn sé skipuð af starfssvæðinu með sama hætti. Kjörtímabil formanns og varaformanns er tvö ár.

Þóra gagnrýndi í máli sínu skort á jafnrétti kynja í stjórn SSNV og vísaði í rökstuðningi sínum til jafnréttis laga.



Tillaga til breytingar á tillögu stjórnar til ályktunar ársþings um samgöngumál

Upptalning vega í tillögu stjórnarinnar verði eftirfarandi:

- ✓ **Þverárfjallsvegur.** Endurbygging Skagastrandarvegar frá Þjóðvegi 1 að Höskuldsstöðum. Jafnframt verði lokið gerð vegarins á Saudárkróki.
- ✓ **Héraðs- og tengivegir.** Afar brýnt er að stórbæta viðhald héraðs- og tengivega í Húnavatnssýslum og Skagafirði og þeir lagðir bundnu slitlagi. Eftirfarandi framkvæmdir eru áherslur ársþingsins áranna 2012-2014.
 - **Vatnsnesvegur 711**
 - **Svínvetningabraut 731**
 - **Þingeyrarvegur 721**
 - **Skagavegur 745**
 - **Skagafjarðarvegur 752**
- ✓ **Þjóðvegur 1.** Áfram verði unnið að viðhaldi og breikkun þjóðvegar 1 um Húnavatnssýslur.
- ✓ **Kjalvegur, stofnvegur 35, frá Svínvetningabraut og að Gilsá, 8 km.**
- ✓ **Vegstæði um Holtavörðuheiði.** Nú þegar verði hafnar athuganir á lækku vegstæðis þjóðvegar 1 um Holtavörðuheiði og sú framkvæmd sett á samgönguáætlun.

Í rökstuðningi sínum gagnrýndi Þóra skort á samráði við sveitarfélög sem ekki eiga fulltrúa í stjórn SSNV við gerð upphaflegu tillögunnar.

Fundarstjóri vísaði breytingatillögunum til meðferðar viðeigandi nefnda.

Að svo búnu settust þátttakendur í þinghaldi að snæðingi. Þingstörfum var fram haldið kl. 13:15.

Ávörp gesta

Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra

Ráðherrann sagði í upphafi máls síns að hann hefði nýverið hitt sveitarstjórnarmenn í kjördæminu á fundi og þakkaði fyrir það. Ræddi hann um afleiðingar hrunsins og stöðu Norðurlands vestra fyrir og eftir það. Nú þegar uppbyggingarstarf er vel á veg komið þá er verið að endurskipuleggja samskipti og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Íbúapróun á tveimur svæðum sker sig verulega úr, það er að segja Norðurland vestra og Vestfirðir, þar sem íbúafækkun hefur verið staðreynd í langan tíma. Ráðherrann gerði tölfræði um atvinnulíf svæðisins að umtalsefni útfrá efni sem fram er komið í skýrslum SSNV. Undrun vekur að fiskvinnsla er eingöngu 2% á Norðurlandi vestra þegar þær eru 9% á landsbyggðinni að meðaltali. Hlutfall iðnaðar er eingöngu 9% á svæðinu sem er undir landsmeðaltali, en hlutfall opinberra starfa er 35% á meðan þetta hlutfall er 25% á landsbyggðinni að meðaltali. Svipaða sögu er að segja af þjónustu og er þetta umhugsunarefni. Sérstaklega í ljósi þess hversu umfangsmikill sjávarútvegur og landbúnaður er á svæðinu.

Fara þarf heildstætt yfir hver opinber þjónusta á að vera til frambúðar og hver hún verður að vera til að tryggja byggð á svæðinu. Nefnir hann þar grunnþjónustu almennt, öldrunarþjónustu, lækniþjónustu og heilbrigðismál almennt. Fór hann yfir nýtt umhverfi í vistun aldraðra þar sem fólk getur valið að færa sig á milli landsvæða. Miklu máli skiptir að



heilbrigðisstofnanir á svæðinu nái samkomulagi við öldrunarstofnanir um heimahjúkrun og -þjónustu. Tilfærsla málefna aldraðra er á döfinni en hægt hefur á þeirri vinnu, meðal annars vegna samspils þessara þjónustubátta.

Standa þarf vel að grunnþjónustu í menntamálum þannig að ungmenni geti dvalist lengur heima fyrir og stundað nám í sinni heimabyggð.

Ráðherrann fór yfir fækkun starfa á heilbrigðisstofnunum á svæðinu og sagði hana að sumu leyti skýrast af því að tilfærsla starfanna hefði orðið hvort sem er af ýmsum ástæðum. Þjónusta í hjúkrunarrýmum í Skagafirði hefur dregist afturúr þannig að verk er að vinna á því sviði.

Í fjárlögum er unnið að því að endurreisa fæðingarorlofið og lofar það góðu fyrir starfsemi Fæðingarorlofssjóðs á Hvammstanga. Jafnframt þarf að tryggja tilvist greiðslustofu Vinnuálastofnunar á Skagaströnd.

Vinnan við málefni fatlaðra hefur gengið vel á Norðurlandi vestra og er til fyrirmyndar. Hér hafa menn unnið sína heimavinnu vel.

Spyr um þriðja stjórnsýslustigið, hvernig er því háttað? Ekki æskileg þróun, lýðræðishalli. Nauðsynlegt að ræða sameiningu sveitarfélaga feimnislaust þess í stað.

Varðandi gerð fjárlaga 2013 hafa verið uppi áhyggjur á svæðinu að sögn ráðherrans. Nokkurn veginn er haldið dampi en heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki vantar fyrir mistök varanlega viðbót. Háholt í Skagafirði hefur jafnframt barist fyrir lífi sínu en ráðherrann berst fyrir því að stofnunin verði rekin áfram. Mikilvægt að menn standi vel að þessari þjónustu og styðji vel við bakið á henni. Háholt verði þarna áfram.

Enginn ágreiningur um þjónustustig á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki, aðeins um fjárveitingarnar en ráðherrann vonast til að það leysist. Að lokum óskaði ráðherrann viðstöddum til hamingju með daginn, þar sem nýjustu fréttir herma að Evrópusambandið hafi hlotið friðarverðlaun Nóbels.

Guðbjartur lauk máli sínu með því að þakka fyrir tækifærið til þess að ávarpa ársþingið.

Jón Bjarnason þingmaður

Jón þakkaði fyrir tækifærið til að ávarpa þingið, flutti kveðjur frá þingmönnum kjördæmisins og óskaði viðstöddum velfarnaðar. Fór hann yfir aðdragandann að brotthvarfi sínu úr ráðherrastóli, kvótamál og önnur málefni mikilvæg fyrir Norðurland vestra. Tekist er á um hagsmuni landsbyggðarinnar í sjávarútvegsmálunum og menn eru beðnir um að hafa það í huga.

Hinn hrikalegi niðurskurður í heilbrigðismálunum sem boðaður var fyrir gerð síðustu fjárlaga gekk ekki eftir vegna öflugrar viðbragða heimamanna, fjölmenn mótmæli fólks í kjölfarið um land allt báru verulegan árangur. Nauðsynlegt væri að fylgjast vel með þróun mála á þessu sviði í framhaldinu.

Jón gerði hitaveitulögn á Skagaströnd að umtalsefni. Þingmenn héraðsins stóðu vel saman í því máli en einnig ber að þakka Árna Steinari Jóhannssyni, stjórnarformanni RARIK, fyrir hans framlag til málsins.

Þingmaðurinn benti á nauðsyn þess að ríkið stæði við skuldbindingar í jöfnun húshitunarkostnaðar.

Fjölbrautarskóli Norðurlands vestra hefur jafnframt verið í mikilvægri framþróun, meðal annars með tilkomu dreifnáms á Hvammstanga.

Jón hvetur fundarmenn til dáða í að sækja fram og tryggja hagsmuni svæðisins.

Umræður og fyrirspurnir

Þingforseti opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir um ávörp gesta. Enginn kvaddi sér hljóðs.



Valdefling í héraði? - Málþing um nýtt hlutverk landshlutasamtaka og svæðasamvinnu sveitarfélaga í opinberri stefnumótun og stjórnsýslu

Framsögumenn

Karl Björnsson framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga

Karl studdist við glærur í erindi sínu og þær eru aðgengilegar á heimasíðu SSNV.

Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri í Innanríkisráðuneytinu.

Hermann studdist við glærur í erindi sínu og þær eru aðgengilegar á heimasíðu SSNV.

Hólmfríður Sveinsdóttir verkefnisstjóri sóknaráætlana landshluta

Hólmfríður studdist við glærur í erindi sínu og þær eru aðgengilegar á heimasíðu SSNV.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra

Ráðherrann lýsti ánægju með að fá að koma á fundinn. Færði hann SSNV og Sambandi íslenskra sveitarfélaga þakkir fyrir gott samstarf. Ekki er litið á landshlutasamtökin, sveitarfélögin eða landssambandið sem hagsmunaaðila heldur samstarfsaðila. Sívaxandi tilfærsla verkefna er til sveitarfélaganna og nefndi hann töluna 30% í því sambandi.

Þegar sveitarfélögin tala þá er hlustað, til dæmis varðandi ágreining um lagningu vega. Slíkt er þó ekki einhlítt, stundum koma önnur lög til sögunnar. Samanber deilur um vegalagningu um Gufudalssveit, þar koma náttúruverndarlög til sögunnar og fleira. Reynt að ná lendingu í því máli.

Flugvöllurinn í Reykjavík er annað dæmi, hann er ekki einkamál Reykvíkinga. Kosning um það ætti að ná til landsins alls.

Önnur ástæða góðs samstarfs: Við þekkjum vanda hvors annars. Við efnahagshrunið hrundu tekjur ríkissjóðs sem og sveitarfélaga. Hallinn á ríkissjóði stefnir nú í aðeins 20 milljarða, var 250 milljarðar fyrst eftir hrun. Niðurskurðurinn í opinbera rekstrinum nemur 20-25% að raungildi. Slíkt gerist ekki án þess að það snerti þá sem starfa innan opinbera geirans.

Leiðarljósið hefur verið betri nýting peninganna, þannig að þeir skili sér á þjónustustigið sjálft. Markmiðssetningin í fjárlagagerðinni, sem var fyrir á ferðinni nú en áður, var þannig að við aðra umræðu fjárlaga skyldu allar tölur koma til endurskoðunar. Tekjutölur lágu ekki fyrir, svo ráðherrann gerir ráð fyrir því að boðaður niðurskurður í fyrstu umræðu gangi til baka.

Íslandi 2020 á að veita skýra sýn á það hvert samfélagið stefnir. Núna erum við að móta nýja tíma. Markmiðið er efling landshlutanna. Ekki lengur lögþvingun á sameiningu sveitarfélaga, heldur ættu lausnirnar að koma að innan. Almenningsamgöngur dæmi um það sem mun stuðla að sameiningu. Aukið hlutverk landshlutasamtaka kallar á endurskoðun á lýðræðislegri aðkomu íbúa.

Nú er megináhersla á góðar samgöngur innan landshlutanna, ekki til og frá Reykjavík. Of langt gengið í því að herða að innanlandsfluginu. Betra jafnvægi vantar í samgöngur á landi, láði og lofti. Tilraunaverkefni framundan í strandsiglingum. Býður SSNV aðkomu að könnun á félagslegum áhrifum innanlandsflugsins.

Hvernig getur rafræn þjónusta eflt stjórnsýsluna? Opna, efla og bæta lýðræði.

Hvernig á vegakerfið í hinum rafræna heimi að vera? Hvar á gáttin að vera, hvernig á hún að vera? Til dæmis island.is.

Auðkennismál – tæknileg mál varðandi rafræn skilríki. Vill þróa það hjá Þjóðskrá, ekki úti á markaði. Það er fullveldismál, þarf að varðveita auðkennisþjónustuna hjá okkur sjálfum. Hluti af innviðum samfélagsins og rekin á okkar vegum.

Rafrænar kosningar – verið að þróa tilraunaverkefni hjá Reykjavíkurborg, frumvarp á lokasprettinum.



Innanríkisstefna: verið að setja niður í aðgerðaáætlanir hvernig hinum ýmsu málum verði hrint í framkvæmd og óskað hefur verið eftir aðkomu sveitarstjórna og fleira.

Skilaboð frá kjörnefnd

Ásta Pálmadóttir ávarpaði þingið fyrir hönd kjörnefndar. Nefndin hefur komið einu sinni saman og er sammála um að uppfylla beri kynjakvóta lögum samkvæmt.

Fyrirspurnir og umræður um framsöguerindi.

Til máls tóku:

Sigurjón Þórðarson
Bjarni Stefánsson sýslumaður á Blönduósi
Oddný María Gunnarsdóttir
Ágúst Þór Bragason
Elín R. Líndal
Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra
Hólmfríður Sveinsdóttir
Karl Björnsson
Bryndís Práinsdóttir
Þóra Sverrisdóttir
Hermann Sæmundsson
Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri SSNV

Kl. 16:20 frestaði þingforseti fundi til kl. 9:15 á laugardag.



LAUGARDAGUR 13. OKTÓBER 2012

Kl. 9:15, að morgni laugardagsins 13. október 2012, var fundi fram haldið.

Nefndastörf

Tvær nefndir tóku til starfa; **Allsherjarnefnd** sem Sigríður Svavarsdóttir, Skagafirði, stjórnaði og **Fjárhags- og laganefnd** sem Leó Örn Þorleifsson, Húnaþingi vestra, var í forsvari fyrir.

Afgreiðsla nefndarálita, ársreikninga og fjárhagsáætlana

Þingforseti setti formlega dagskrá á ný klukkan 11:30.

Fulltrúatal

Ásta Pálmadóttir, formaður kjörnefndar, fór yfir fulltrúatal fundarins. Rétt til fundarsetu með atkvæðisrétt eiga 30 fulltrúar og af þeim eru 26 mættir. Mættir fulltrúar eru:

Nafn	Sveitarfélag	aðal/vara
Ágúst Þór Bragason	Blönduósþéar	aðal
Kári Kárasón	Blönduósþéar	aðal
Oddný María Gunnarsdóttir	Blönduósþéar	aðal
Þórdís Erla Björnsdóttir	Blönduósþéar	vara
Jón Gíslason	Húnavatnshreppur	aðal
Magnús R. Sigurðsson.	Húnavatnshreppur	aðal
Þóra Sverrisdóttir	Húnavatnshreppur	aðal
Elín Jóna Rósinberg	Húnaþing vestra	aðal
Elín R. Línal	Húnaþing vestra	aðal
Leó Örn Þorleifsson	Húnaþing vestra	aðal
Stefán Böðvarsson	Húnaþing vestra	vara
Vignir Sveinsson	Skagabyggð	aðal
Ásta Pálmadóttir	Skagafjörður	aðal
Bjarki Tryggvason	Skagafjörður	aðal
Bjarni Jónsson	Skagafjörður	aðal
Jón Magnússon	Skagafjörður	aðal
Margeir Friðriksson	Skagafjörður	aðal
Sigríður Svavarsdóttir	Skagafjörður	aðal
Sigurjón Þórðarson	Skagafjörður	aðal
Stefán Vagn Stefánsson	Skagafjörður	aðal
Úlfar Sveinsson	Skagafjörður	aðal
Viggó Jónsson	Skagafjörður	aðal
Þorsteinn Tómas Broddason	Skagafjörður	aðal
Adolf H. Berndsen	Skagaströnd	aðal
Halldór G. Ólafsson	Skagaströnd	aðal
Jensína Lýðsdóttir	Skagaströnd	vara



Tillögur fjárhags- og laganevndar

Leó Örn Þorleifsson gerði grein fyrir tillögum fjárhags- og laganevndar. Í nefndinni störfuðu auk hans: Jensína Lýðsdóttir, Elín R. Líndal, Þóra Sverrisdóttir, Bjarni Jónsson, Oddný María Gunnarsdóttir, Margeir Friðriksson Adolf H. Berndsen og Ágúst Þór Bragason.

Ársreikningar og fjárhagsáætlanir

20. ársþing SSNV, haldið í Félagsheimilinu Fellsborg, Skagaströnd 12.-13. október 2012, samþykkir ársreikninga SSNV 2011, SSNV atvinnuþróunar 2011, Byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra 2011, Vaxtarsamnings Norðurlands vestra 2011 og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra 2011.

Enginn kvaddi sér hljóðs og tillaga nefndarinnar var samþykkt samhljóða.

Nefndin leggur til að rekstraráætlanir SSNV og SSNV atvinnuþróunar vegna ársins 2013 verði samþykktar og fjárhagsáætlun Byggðasamlags um málefna fatlaðra fyrir árið 2013 verði samþykkt með fyrirvara um fjárveitingu.

Enginn kvaddi sér hljóðs og tillaga nefndarinnar var samþykkt samhljóða.

Fundarhlé

Þingforseti upplýsti að Skagfirðingar hefðu óskað eftir fundarhléi áður en umræður um lagabreytingatillögu hæfist. Engar athugasemdir voru gerðar við það og því gert hlé á fundinum. Skömmu síðar tilkynnti þingforseti að fundarhléð skyldi nýtt til hádegisverðar og var það gert.

Klukkan 12:50 setti forseti þinghald á ný.

Lagabreytingar

Leó Örn Þorleifsson, nefndarformaður, lagði fram eftirfarandi tillögu fjárhags- og laganevndar:

„20. ársþing SSNV, haldið í Fellsborg á Skagaströnd 12.-13. október 2012, samþykkir eftirfarandi breytingar á samþykktum SSNV:

Grein 4.1 hljóði svo:

4.1

Stjórn SSNV skal skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Skal hún kosin á ársþingi annað hvert ár. Formaður og varaformaður skulu kosnir sérstaklega á sama þingi. Stjórn skiptir með sér verkum að öðru leyti. Formaður getur ekki setið lengur samfleytt en 4. ár.

Kjörgengir til stjórnarkjörs eru þeir sem eru kjörgengir til setu á ársþingi. Sá sem kjörinn hefur verið aðalmaður í stjórn þrjú kjörtímabil í röð, þ.e. sex ár, er ekki kjörgengur til stjórnar næstu tvö ár.

Miða skal við að stjórn sé skipuð tveimur fulltrúum úr Skagafjarðarsýslu, tveimur fulltrúum úr Austur-Húnavatnssýslu og einum fulltrúa úr Vestur-Húnavatnssýslu. Þau svæði sem tilnefna tvo fulltrúa skuli tilnefna karl og konu. Varastjórn sé skipuð af starfssvæðinu með sama hætti. Kjörtímabil formanns og varaformanns er tvö ár.



Umræður um lagabreytingar

Spurt var úr sal hvort lagabreytingin tæki gildi strax yrði hún samþykkt. Svar nefndarformanns var á þá leið að hans skilningur væri að hún tæki strax gildi. Eftirtaldir tóku til máls í umræðu um tillöguna og jafnréttissjónarmiðin sem hún endurspeglar:

Sigurjón Þórðarson

Adolf H. Berndsen

Elín R. Líndal

Þingforseti

Jón Magnússon

Stefán Vagn Stefánsson

Elín R. Líndal

Þingforseti

las úr jafnréttislögum það ákvæði sem um ræðir varðandi tilnefningar og hugsanlegar undanþágur á málefnalegum grunni. Hann kvaðst ekki hafa fundið neinn grundvöll fyrir því að víkja mætti frá þessu.

Breytingatillaga

Þingforseti las upp skriflega breytingatillögu Elínar R. Líndal um frestun gildistöku jafnréttisákvæðisins til ársins 2014 með bráðabirgðaákvæði. Tillagan var svohljóðandi:

Bráðabirgðaákvæði

Setningin: „Þau svæði sem tilnefna tvo fulltrúa skuli tilnefna karl og konu.“ taki gildi við stjórnarkjör árið 2014.

Greidd voru atkvæði um tillöguna. Samþykkir voru 13. Á móti 11.

Breytingatillagan skoðast samþykkt.

Vefgátt – sérstök ábending til stjórnar

Fjárhags- og laganefnd beindi eftirfarandi tilmælum til stjórnar SSNV:

Stjórn verði falið að útfæra sameiginlega aðgangsstýrða vefgátt sem aðgengileg yrði öllum sveitarstjórnarmönnum á Norðurlandi vestra þar sem öll fundargögn væru aðgengileg.

Fundarhlé

Að lokinni afgreiðslu breytingatillögunnar gerði þingforseti hlé á fundinum.

Dagskrártillaga

Að loknu fundarhléi kom fram dagskrártillaga frá formanni stjórnar SSNV:

Þeim hluta ársþings sem fjallar um lagabreytingar og kosningar til stjórnar verði frestað um einn mánuð.

Dagskrártillagan var tekin til afgreiðslu án umræðu og var hún samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

Tillögur allsherjarnefndar

Sigríður Svavarsdóttir gerði grein fyrir tillögum allsherjarnefndar.



Almenn ályktun um stjórnsýslulegt forræði byggðamála.

20. ársþing SSVN, haldið á Skagaströnd 12.-13. október 2012, leggur áherslu á að stjórnsýslulegt forræði byggðamála verði færð til Innanríkisráðuneytisins vegna nánna tengsla við málaflokka þess ráðuneytis, m.a. samgöngu og sveitarstjórnarmála. Vísað er til stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnar frá maí 2009, um að unnið verði á kjörtímabilinu að viðtækri breytingu stjórnsýslunnar með fækkun ráðuneyta og sameiningu málaflokk, m.a. með stofnun nýs ráðuneytis sveitarstjórnar, samgöngu og byggðapróunar. Þá er einnig minnt á ályktun landsþings Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá árinu 2010 um að byggðamálin verði á forræði innanríkisráðuneytisins vegna nánna tengsla við sveitarstjórnarstigið. Ekki er síður mikilvægt í þessu samhengi, að á sama tíma hafa stjórnvöld unnið að áætluninni Ísland 20/20, Sóknaráætlun fyrir atvinnulíf og samfélag. Þar er sett að markmiði einföldun og samþætting áætlana stjórnvalda og efling á samstarfi stjórnsýslustiga og stofnana þeirra. Stofnað hefur verið til stýrinets Stjórnarráðsins í þessum tilgangi og komið á samstarfi við sveitarstjórnarstigið um gerð Sóknaráætlunar landshluta árin 2012-2020. Forsætisráðuneyti og innanríkisráðuneyti hafa verið í forystu um framkvæmd þessarar vinnu en innanríkisráðuneyti er með ábyrgð á umsýslu málsins.

Framangreind vinna hefur leitt fram að byggðamál snertir flest verkefni stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga en um leið vöntun á skilgreiningu verkefnisins og hvar samþætting þess fari fram. Ríkisstjórnin hefur í minnisblaði dags. 22. júní 2012, um útfærslu Sóknaráætlunar landshluta árin 2012-2020, sett fram nálgun á viðfangsefninu með skilgreiningu á hugtakinu byggðamál; Byggðamál eru öll þau viðfangsefni sem hafa áhrif á lífsgæði og samkeppnishæfni landshluta, s.s. búsetu, atvinnu og nýsköpun. Þau snúa að eflingu samfélaga, félagsauðs, atvinnulífs, menntunar, menningar, velferðarmála, samgangna og fjarskipta.

Samgöngumál

20. ársþing SSVN, haldið á Skagaströnd 12.-13. október 2012, leggur þunga áherslu á að áfram verði unnið að uppbyggingu vegakerfisins á Norðurlandi vestra og mótmælir harðlega því afskiptaleyssi sem landshlutanum er sýndur þegar kemur að nýframkvæmdum í Samgönguáætlun 2011-2022. Áherslur sveitarstjórnarmanna á Norðurlandi vestra hafa mörg undanfarin ár miðað að því að byggja upp greiðari samgöngur innan svæðis, m.a. með viðhaldi núverandi vegakerfis og stækkun vinnusóknarsvæða að leiðarljósi. Aukin umferð ferðamanna kallar víða á úrbætur á héraðsvegum af öryggissjónarmiðum og því er mikilvægt að horfa sérstaklega til þess að héraðs- og tengivegir verði lagðir bundnu slitlagi.

Þá telur þingið mikilvægt að innanlandsflug til Sauðárkróks heffist að nýju.

Þingið beinir því til Innanríkisráðherra að eftirfarandi framkvæmdir á Norðurlandi vestra verði settar á samgönguáætlun:

- ✓ **Þverárfjallsvegur.** Endurbygging Skagastrandarvegar frá Þjóðvegi 1 að Höskuldsstöðum. Jafnframt verði lokið gerð vegarins á Sauðárkróki.
- ✓ **Héraðs- og tengivegir.** Afar brýnt er að stórbæta viðhald héraðs- og tengivega í Húnavatnssýslum og Skagafirði og þeir lagðir bundnu slitlagi. Það er óskiljanlegt hve hagsmunir íbúa Norðurlands vestra hafa algjörlega verið fyrir borð bornir við úthlutun fjármuna til viðhalds og nýframkvæmda héraðs- og tengivega. Jafnframt vekur það furðu að ekki skuli vera fyrirsjáanleg breyting þar á. Þingið krefst þess að fjármunir til héraðs- og tengivega á starfssvæði SSVN verði stórauðnir í nágildandi samgönguáætlun.



- ✓ Eftirfarandi framkvæmdir eru áherslur ársþingsins áráanna 2012-2014.
 - **Vatnsnesvegur 711**
 - **Miðfjarðavegur 704**
 - **Svínvetningabraut 731**
 - **Skagavegur 745**
 - **Skagafjarðarvegur 752**
 - **Reykjastrandarvegur 744**
- ✓ **Þjóðvegur 1.** Áfram verði unnið að viðhaldi og breikkun þjóðvegar 1 um Húnavatnssýslur.
- ✓ **Vegstæði um Holtavörðuheiði.** Nú þegar verði hafnar athuganir á lækkun vegstæðis þjóðvegar 1 um Holtavörðuheiði og sú framkvæmd sett á samgönguáætlun.

Árþingið beinir því til þingmanna kjördæmisins að beita sér fyrir að þessar framkvæmdir nái fram að ganga sem fyrst.

Þingið mótmælir einnig harðlega einhliða ákvörðun Vegagerðarinnar um niðurfellingu vega af vegaskrá, m.a. á Hvammstanga, Blönduósi og Hofsósi og hvetur Vegagerðina til þess að endurskoða þá ákvörðun nú þegar.

Almenningssamgöngur

20. árþing SSNV, haldið á Skagaströnd 12.-13. október 2012, fagnar þeim breytingum sem gerðar hafa verið á skipulagi almenningssamgangna með samningum SSNV og Vegagerðarinnar. Samningurinn gefur sveitarfélögunum kost á þróun almenningssamgangna sem m.a. hafi að markmiði að tengja saman byggðarlög innan landshlutans sem skapar nýja möguleika fyrir framhaldsskólanemendur og stækkun vinnusóknarsvæða. Þingið hvetur stjórnvöld til þess að styðja við sveitarfélögin á Norðurlandi vestra, með auknum fjárveitingum, í áframhaldandi þróun kerfisins. Þingið beinir því jafnframt til Vegagerðarinnar að ráðast nú þegar í lagfæringar á aðstöðu, m.a. á gatnamótum þjóðvegar 1 og Hvammstangavegar, þannig að öryggi á skiptistöðum verði tryggt.

Málefni sveitarfélaga.

20. árþing SSNV, haldið á Skagaströnd 12.-13. október 2012, leggur áherslu á, að mikið og náið samstarf ríkis og sveitarfélaga fari fram á þeim nótum að þar fari tvö sjálfstæð stjórnisýslustig. Þingið leggur þunga áherslu á að ekki verið ráðist í neinar þær breytingar á regluverki Jöfnunarsjóðs sem skert geta framlög til sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Þingið minnir á að sveitarfélögin á Norðurlandi vestra hafa um árabíl glímt við tekjusamdrátt og fólksfækkun. Árþingið leggur áherslu á að ríkið endurgreiði sveitarfélögum hækkun tryggingargjalds. Þingið mótmælir harðlega skerðingu aukaframlags til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og krefst þess að það renni áfram til þeirra sveitarfélaga sem framlagið var upphaflega ætlað til.

Þingið leggur áherslu á að fjölgað verði undanþáguákvæðum vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts. Bendir þingið í því samhengi á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna fráveituframkvæmda, kaupa á slökkvibúnaði og eyðingar reifa og minka.



Fjarskiptamál.

20. ársþing SSNV, haldið á Skagaströnd 12.-13. október 2012, fagnar þeim áföngum sem náðst hafa í bættum fjarskiptum á Norðurlandi vestra, þó enn megi betur gera. Ennþá búa byggðarlög, m.a við utanverðan Skaga, við afar ótryggt fjarskiptasamband og krefst þingið þess að stjórnvöld bregðist við með tafarlausum úrbótum.

Þingið leggur ríka áherslu á að stjórnvöld beiti sér fyrir jöfnun verðlagningar á gagnaflutningum og háhraðatengingum til allra landsmanna. Um er að ræða óþolandi samkeppnislega mismunun fyrir fyrirtæki og stofnanir á landsbyggðinni og því er afar brýnt að stjórnvöld komi strax fram með tillögur til þess að leiðrétta þennan mismun.

Atvinnumál.

20. ársþing SSNV, haldið á Skagaströnd 12.-13. október 2012, leggur áherslu á eftirfarandi þætti í atvinnumálum:

- ✓ Að tafarlaust verið ráðist í stækkun Blönduvirkjunar og orkuframleiðsla virkjunarinnar verði nýtt til atvinnuuppbyggingar á svæðinu eins og stjórnvöld gáfu fyrirheit um á sínum tíma. Þingið skorar á stjórnvöld að beita sér sérstaklega fyrir því að áform um uppbyggingu iðnaðar nái fram að ganga á starfssvæði samtakanna.
- ✓ Mikilvægt er að tryggja stöðugleika og framþróun í rekstrarumhverfi sjávarútvegs og landbúnaðar sem eru grunnstoðir atvinnulífs á Norðurlandi vestra. Þingið leggur þunga áherslu á að hagsmunir sjávarútvegs og landbúnaðar verði tryggðir í hvívetna.
- ✓ Strandveiðar hafa sannað gildi sitt og haft jákvæð áhrif. Mikilvægt er að þróa það kerfi áfram. Þá er einnig mikilvægt að byggðastuðningur í gegnum línuúvilnun og byggðakvóta verði áfram til staðar.
- ✓ Að hækkun virðisaukaskatts á gistingu verði tekin til endurskoðunar. Stuttur aðlögunartími gerir ferðaþjónustufyrirtækjum mjög erfitt fyrir varðandi verðlagningu sinnar þjónustu. Því er mikilvægt að boðaðar hækkanir virðisaukaskatts á gistingu verði dregnar til baka og fram fari víðtækt samráð við hagsmunaaðila um breytingar á skattaumhverfi greinarinnar.
- ✓ Flutningskostnaður er landsbyggðarskattur og því er afar brýnt að tillögur um jöfnun flutningskostnaðar nái strax fram að ganga. Þá telur þingið að taka þurfi skattlagningu á eldsneyti til endurskoðunar því hátt eldsneytisverð hefur nú þegar haft neikvæð áhrif, m.a. á ferðaþjónustu og framleiðslukostnað fyrirtækja á landsbyggðinni.
- ✓ Fjármagn verði tryggt til þeirra verkefna sem lögð voru til í skýrslu Norðvesturnefndar og hugað verði sérstaklega að þeim tillögum sem ekki náðu fram að ganga innan nefndarinnar. Þá verði tryggt að þau verkefni sem ýmsar stofnanir fengu fjárveitingu í, gegnum NV nefnd, verði staðsett í landshlutanum.
- ✓ Að tryggt verði að þær breytingar sem gerðar hafa verið á vinnulagi fjárlaganefndar skerði ekki framlög til þeirra verkefna á Norðurlandi vestra sem fengið hafa stuðning nefndarinnar.
- ✓ Starfsemi landshlutasamtaka og atvinnuþróunarfélaganna verði tryggð. Þingið leggur áherslu á að SSNV verði leiðandi í boðaðri endurskoðun á stoðkerfi atvinnulífsins í landshlutanum og bendir í því sambandi á markmið Sóknaráætlunar landshluta um aukin áhrif sveitarfélaga og aðila í héraði í svæðisbundinni stefnumótun.



- ✓ Að aðgengi fyrirtækja á landsbyggðinni að fjármagni á samkeppnishæfum kjörum verði tryggt, m.a. í gegnum lánasvið Bygðastofnunar og aðrar bankastofnanir í landinu.

Í náttúruhamförum af völdum óveðurs, sem gekk yfir Norðurland þann 10. september 2012. urðu bændur á Norðurlandi vestra fyrir umtalsverðu tjóni sem enn hefur ekki verið lagt mat á að fullu. Þingið skorar á stjórnvöld að tryggja Bjargráðasjóði fjármagn til þess að bæta bændum það tjón sem þeir urðu fyrir í hamförunum

Veidigjald

20. ársþing SSNV, haldið á Skagaströnd 12.-13. október 2012, lýsir yfir áhyggjum af áhrifum veiðigjalds á fyrirtæki, einstaklinga og sveitarfélög á Norðurlandi vestra. Minnt skal á að undanfarin ár hefur svæðið mátt búa við samdrátt á ýmsum sviðum. Stórfelld gjaldtaka á fyrirtækjum í sjávarútvegi er því bein aðför að stöðu Norðurlands vestra. Þingið krefst þess einnig að sjávarbyggðir njóti réttlátar hlutdeildar í hverri þeirri gjaldtöku sem lögð verður á greinina og bendir á að samkvæmt fjárfestingaáætlun ríkisstjórnarinnar eru engar framkvæmdir, sem fjármagnaðar eru af veiðigjaldi, fyrirhugaðar á Norðurlandi vestra næstu árin.

Umhverfis- og náttúruverndarmál.

20. ársþing SSNV, haldið á Skagaströnd 12.-13. október 2012, útrekar fyrri ályktun um mikilvægi þess að ríkisvaldið komi að uppbyggingu hálandismiðstöðvar á Hveravöllum.

Árþingið skorar á ríkisvaldið að veita auknu fjármagni til eyðingar refa og minka, þar sem framlög til þessa verkefnis eru með öllu óviðunandi. Fjölgun minka og refa hefur mjög skaðleg áhrif á lífríki í landinu og eðlilegt er að ríkið komi sem fyrr að málaflöknum með sveitarfélögum. Þingið hvetur til þess að sveitarfélögum og stofnunum þeirra verði falin aukin verkefni og sjálfsstjórn á sviði svæðisbundinna málefna í umhverfismálum og umhverfiseftirliti.

Rannsóknir, mennta- og menningarmál.

20. ársþing SSNV, haldið á Skagaströnd 12.-13. október 2012, hvetur stjórnvöld til að nýta þau tækifæri sem felast í eflingu Háskólans á Hólum. Kjarnagreinar skólans, þ.e. fiskeldi, ferðaþjónusta og hestamennska, munu gegna stóru hlutverki í uppbyggingu atvinnulífs og sköpun nýrra starfa og því er afar brýnt að styðja við og efla enn frekar háskólanám í þessum greinum.

Árþingið áréttar mikilvægi þess að fjárframlög til Fjölbautaskóla Norðurlands vestra verði í samræmi við þá starfsemi sem þar fer fram. Þingið útrekar einnig fyrri ályktun þar sem menntamálaráðherra er hvattur til þess að horfa til þeirra möguleika sem gætu falist í að gera skólann leiðandi á ákveðnum sviðum verknáms og sækja þannig fram á eigin styrkleika, m.a. með áframhaldandi þróun dreifnáms. Þingið fagnar stuðningi stjórnvalda við uppbyggingu dreifnáms í Húnaþingi vestra í gegnum Sóknaráætlun landshluta.

Þingið telur mikilvægt að styðja áfram við uppbyggingu rannsókn- og þekkingarsetra, m.a. Biopol, Versins, Þekkingarseturs á Blönduósi, Rannsóknarseturs HÍ á Norðurlandi vestra og Selaseturs Íslands, sem þegar hafa sannað gildi sitt.

Þingið telur mikilvægt að áfram verði tryggt fjármagn til þeirra fjölmörgu menningarverkefna sem verið hafa í þróun og uppbyggingu á Norðurlandi vestra.



Farskólinn – miðstöð símenntunar og fjarnámsverin gegna afar þýðingarmiklu hlutverki fyrir fyrirtæki, atvinnulíf og fjarnámsnema á framhalds- og háskólastigi í smærri byggðarlögum. Ársþingið skorar á menntamálaráðherra að beita sér fyrir þátttöku ríkisins í rekstri fjarnámsvera og standa með öflugum hætti að baki símenntunarmiðstöðvum. Þingið krefst þess að fundinn verði sanngjörn kostnaðarskipting um tónlistarnám á framhaldsskólastigi hið fyrsta.

Heilbrigðismál

20. ársþing SSNV, haldið á Skagaströnd 12.-13. október 2012, leggur áherslu á að íbúum Norðurlands vestra verði tryggð góð og fjölbreytt heilbrigðisþjónusta í heimabyggð. Ekki er ásættanlegt, vegna öryggissjónarmiða og kostnaðar, að íbúar Norðurlands vestra þurfi að ferðast um langan veg til að sækja heilbrigðisþjónustu. Fráleitt er að ríkið velti kostnaði á íbúa með þessum hætti.

Þingið beinir því til velferðarráðherra að hverjar þær breytingar sem kunna að verða gerðar á skipulagi rekstrar heilbrigðisstofnana á Norðurlandi vestra miði að því að efla stofnanirnar og standa vörð um það góða starf sem þar er unnið. Tekið verði mið af vilja heimamanna við allar breytingar. Rekstur bráðarýma er órjúfanlegur hluti af starfsemi heilbrigðisstofnana og gríðarlegt öryggismál.

Ársþingið krefst þess að slegið verði styrkari stoðum undir heilbrigðisstofnanir á svæðinu og að niðurskurður undanfarinna ára verði leiðréttur.

Opinberar stofnanir

20. ársþing SSNV, haldið á Skagaströnd 12.-13. október 2012, minnir á að á undanförunum árum hefur verið byggð upp starfsemi opinberra stofnana á Norðurlandi vestra. Má þar nefna Fæðingarorlofssjóð, Innheimtumiðstöð sekta og sakarkostnaðar, Atvinnuleysistryggingasjóð, Bygðastofnun og starfsstöð Íbúðalánasjóðs. Starfsemi þessara stofnana hefur verið til mikillar fyrirmyndar og sýnir að starfsemi opinberra stofnana geti dafnað á landsbyggðinni. Þingið lýsir yfir áhyggjum af áformum af boðaði lokun meðferðarheimilisins í Háholti í Skagafirði og skorar á Velferðarráðherra að endurskoða þau áform í góðri samvinnu við heimamenn.

Ársþingið krefst þess að starfsemi opinberra stofnana á Norðurlandi vestra verði tryggð og kannaðir möguleikar á frekari eflingu þeirra, m.a. með tilfærslu starfa og staðsetningu nýrra verkefna. Ársþingið fagnar ákvörðun um að Norðurland vestra sé skilgreint sem sérstakt lögreglu- og sýslumannsumdæmi.

Ársþingið leggur áherslu á að sveitarfélög utan höfðaborgarsvæðisins hafi fulltrúa í stjórnun og nefndum þeim er fjalla um opinbera stjórnsýslu og þjónustu í landinu. Þingið beinir því sérstaklega til Sambands íslenskra sveitarfélaga að hugað verði betur að aðkomu sveitarfélaga á landsbyggðinni að ákvarðanatöku og nefnda- og stjórnarstörfum á vettvangi þess.

Niðurgreiðslur til húshitunar

20. ársþing SSNV, haldið á Skagaströnd 12.-13. október 2012, skorar á þingmenn Norðvesturkjördæmis að standa vörð um niðurgreiðslur til húshitunar. Þingið telur að hækka þurfi fjárlagaliðinn verulega við gerð fjárlaga fyrir árið 2013 og þarf hann að nema 1.200 mkr að lágmarki.



Þingið bendir á að á sama tíma og raforkuverð hefur hækkað verulega hefur fjárlagaliðurinn, og þar með taldar niðurgreiðslurnar, staðið í stað.

Þingið telur niðurgreiðslurnar afar mikilvægt byggða- og réttlætismál. Húshitunarkostnaður með rafkyndingu er mjög hár í samanburði við jarðvarmaveitur. Sá munur hefur farið vaxandi með verulegum hækkunum raforkuverðs á undanförunum misserum. Þingið fagnar þeim breytingum að hækka endurgreiðslustyrki vegna lagningu nýrra hitaveitna úr 8 árum í 12 en minnir jafnframt á nauðsyn þess að fjármagn fylgi þessum breytingum.

Lagning hitaveitna

20. ársþing SSNV, haldið á Skagaströnd 12.-13. október 2012, hvetur til þess að stutt verði við uppbyggingu hitaveitna á Norðurlandi vestra til jöfnunar lífskjara og að sveitarfélögum sem standa fyrir lagningu hitaveitna verði ekki gert að greiða sérstakt auðlindagjald vegna þeirra.

Ársþingið fagnar stuðningi stjórnvalda við lagningu hitaveitu frá Reykjum til Skagastrandar í gegnum Sóknaráætlun landshluta.

Þá skorar þingið á forsætisráðuneytið að greiða fyrir því að Húnaþingi vestra verði tryggður nýtingarréttur á jarðhitasvæðinu á Reykjum í Hrútafirði til lagningar hitaveitu í dreifbýli og einnig verði Sveitarfélaginu Skagafirði tryggður nýtingarréttur af jarðhitasvæðinu á Reykjahóli til lagningar hitaveitu í Fljótum.

Umræður um ályktanir og afgreiðsla þeirra

Til máls tóku:

Kári Kárason

Adolf H. Berndsen

Viggó Jónsson

Jón Gíslason

Sigurjón Þórðarson.

Ofangreindar tillögur voru bornar upp í einu lagi að höfðu samráði forseta við þingfulltrúa og voru þær samþykktar samhljóða.

Umræður um málefni sveitarfélaganna

Enginn tók til máls undir þessum dagskrárlið.

Ákvörðun um fundarstað næsta ársþings

Vísað til framhaldsþings sem boðað verður innan mánaðar.

Að svo búnu sagði þingforseti þinginu frestað klukkan 14.15.



Framhald 20. ársþings SSNV, haldið í félagsheimilinu Fellsborg, Skagaströnd, 27. nóvember 2012, kl. 13:00

Setning framhaldsþings

Bjarni Jónsson, formaður SSNV, sagði framhaldsþing sett. Síðan tók Magnús B. Jónsson, þingforseti, við stjórn þingsins. Hann fór yfir dagskrá þingsins:

1. Tillögur að lagabreytingum
2. Kosningar
 - a) Kosning fimm aðal- og varamanna í stjórn SSNV til tveggja ára.
 - b) Kosning fimm aðal- og varamanna í Menningarráð Norðurlands vestra til tveggja ára.
 - c) Kosning tveggja aðal- og varaskoðunarmanna reikninga SSNV og Menningarráðs til tveggja ára.
3. Önnur mál

Fulltrúatal

Ásta Pálmadóttir, formaður kjörnefndar, fór yfir fulltrúatal fundarins. Rétt til fundarsetu með atkvæðisrétt eiga 30 fulltrúar og af þeim eru 26 mættir:

Nafn	Sveitarfélag	aðal/vara
Ágúst Þór Bragason	Blönduósþégar	aðal
Kári Kárasón	Blönduósþégar	aðal
Oddný María Gunnarsdóttir	Blönduósþégar	aðal
Þórdís Erla Björnsdóttir	Blönduósþégar	vara
Jón Gíslason	Húnavatnshreppur	aðal
Magnús R. Sigurðsson.	Húnavatnshreppur	aðal
Þóra Sverrisdóttir	Húnavatnshreppur	aðal
Elín Jóna Rósinberg	Húnaþing vestra	aðal
Elín R. Línal	Húnaþing vestra	aðal
Leó Örn Þorleifsson	Húnaþing vestra	aðal
Sigurbjörg Jóhannesdóttir	Húnaþing vestra	aðal
Vignir Sveinsson	Skagabyggð	aðal
Ásta Pálmadóttir	Skagafjörður	aðal
Bjarki Tryggvason	Skagafjörður	aðal
Bjarni Jónsson	Skagafjörður	aðal
Jón Magnússon	Skagafjörður	aðal
Margeir Friðriksson	Skagafjörður	aðal
Sigríður Svavarsdóttir	Skagafjörður	aðal
Hanna Þrúður Þórðardóttir	Skagafjörður	aðal



Stefán Vagn Stefánsson	Skagafjörður	aðal
Úlfar Sveinsson	Skagafjörður	aðal
Viggó Jónsson	Skagafjörður	aðal
Sigríður Magnúsdóttir	Skagafjörður	aðal
Adolf H. Berndsen	Skagaströnd	aðal
Halldór G. Ólafsson	Skagaströnd	aðal
Péturína Jakobsdóttir	Skagaströnd	aðal

Lögfræðiálit

Jón Óskar Pétursson, framkvæmdastjóri SSNV, gerði grein fyrir spurningum og svörum sem beint var til lögfræðinga Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna ágreinings um samþykktir fyrir SSNV, túlkun á jafnréttislögum og fyrirkomulag kosninga á ársþinginu. Þessi gögn höfðu fundarmenn fengið í hendur fyrir fundinn.

Breytingar á samþykktum SSNV,

Um kosningar á ársþingi SSNV

Á framhaldsþinginu lá fyrir tillaga Fjárhags- og laganefndar, ásamt með viðbótarbráðabirgðaákvæði, sem samþykkt hafði verið á fundinum 8. okt., svohljóðandi:

„20. ársþing SSNV, haldið í Fellsborg á Skagaströnd 12.-13. október 2012, samþykkir eftirfarandi breytingar á samþykktum SSNV:

Grein 4.1 hljóði svo:

4.1

Stjórn SSNV skal skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Skal hún kosin á ársþingi annað hvert ár. Formaður og varaformaður skulu kosnir sérstaklega á sama þingi. Stjórn skiptir með sér verkum að öðru leyti. Formaður getur ekki setið lengur samfleytt en 4 ár.

Kjörgengir til stjórnarkjörs eru þeir sem eru kjörgengir til setu á ársþingi. Sá sem kjörinn hefur verið aðalmaður í stjórn þrjú kjörtímabil í röð, þ.e. sex ár, er ekki kjörgengur til stjórnar næstu tvö ár.

Miða skal við að stjórn sé skipuð tveimur fulltrúum úr Skagafjarðarsýslu, tveimur fulltrúum úr Austur-Húnavatnssýslu og einum fulltrúa úr Vestur-Húnavatnssýslu. Þau svæði sem tilnefna tvo fulltrúa skuli tilnefna karl og konu. Varastjórn sé skipuð af starfssvæðinu með sama hætti. Kjörtímabil formanns og varaformanns er tvö ár.

Bráðabirgðaákvæði

Setningin: „Þau svæði sem tilnefna tvo fulltrúa skuli tilnefna karl og konu.“ taki gildi við stjórnarkjör árið 2014.

Stefán V. Stefánsson lagði til eftirfarandi breytingar á ofangreindri tillögu:

Setningin „Þau svæði sem tilnefna tvo fulltrúa skuli tilnefna karl og konu.“ falli út. Bráðabirgðaákvæði falli út.



Báðar þessar breytingatillögur voru samþykktar með þorra atkvæða, enginn greiddi atkvæði á móti.

Þá var tillagan borin upp til atkvæða svo breytt:

Grein 4.1 hljóði svo:

4.1

Stjórn SSNV skal skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Skal hún kosin á ársþingi annað hvert ár. Formaður og varaformaður skulu kosnir sérstaklega á sama þingi. Stjórn skiptir með sér verkum að öðru leyti. Formaður getur ekki setið lengur samfleytt en 4 ár.

Kjörgengir til stjórnarkjörs eru þeir sem eru kjörgengir til setu á ársþingi. Sá sem kjörinn hefur verið aðalmaður í stjórn þrjú kjörtímabil í röð, þ.e. sex ár, er ekki kjörgengur til stjórnar næstu tvö ár.

Miða skal við að stjórn sé skipuð tveimur fulltrúum úr Skagafjarðarsýslu, tveimur fulltrúum úr Austur-Húnavatnssýslu og einum fulltrúa úr Vestur-Húnavatnssýslu. Varastjórn sé skipuð af starfssvæðinu með sama hætti. Kjörtímabil formanns og varaformanns er tvö ár.

Alls greiddu 22 þingfulltrúar tillögunni atkvæði. Enginn mótaskvæði voru.

Kosningar

Formaður kjörnefndar, Ásta Pálmadóttir gerði grein fyrir tillögum kjörnefndar um skipan í eftirtalin embætti:

Stjórn SSNV

Bjarni Jónsson, Sveitarfélaginu Skagafirði, formaður

Þóra Sverrisdóttir, Húnavatnshreppi, varaformaður

Leó Örn Þorleifsson, Húnaþingi vestra

Ágúst Þór Bragason, Blönduósi

Hanna Þrúður Karlsdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði.

Varastjórn

Stefán V. Stefánsson, Sveitarfélaginu Skagafirði

Vignir Sveinsson, Skagabyggð

Elín R. Líndal, Húnaþingi vestra

Péturína Jakobsdóttir, Sveitarfélaginu Skagaströnd

Hrefna Gerður Björnsdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði

Skoðunarmenn

Margeir Friðriksson, Sveitarfélaginu Skagafirði

Guðrún Ragnarsdóttir, Húnaþingi vestra

Varaskoðunarmenn

Þórunn Elfa Sveinsdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði

Ólafur B. Óskarsson, Húnaþingi vestra

Tillögur þessar voru samþykktar samhljóða.



Menningarráð Norðurlands vestra

Aðalmenn:

Adolf H. Berndsen, Sveitarfélaginu Skagaströnd
Björg Baldursdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði
Guðný H. Kjartansdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði
Ragnar Smári Helgason, Húnaþingi vestra

Stjórn SSNV skipar svo fimmta manninn í ráðið og varamann hans.

Varamenn:

Helga Björg Ingimarsdóttir, Skagabyggð
Hrefna Gerður Björnsdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði
Sigríður Magnúsdóttir Sveitarfélaginu Skagafirði
Elín Jóna Rósinberg, Húnaþingi vestra

Athugasemd var gerð við skipan varamanna í menningarráð vegna jafnréttisлага, endurskoðaði kjörnefnd þá tillögu sína og lagði nýja tillögu fram:

Varamenn:

Valgeir Karlsson, Skagabyggð
Hrefna Gerður Björnsdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði
Bjarki Tryggvason, Sveitarfélaginu Skagafirði
Elín Jóna Rósinberg, Húnaþingi vestra

Þannig breyttar voru tillögur kjörnefndar um aðal- og varamenn í Menningarráð Norðurlands vestra samþykktar samhljóða.

Skoðunarmenn reikninga menningarráðs

Margeir Friðriksson, Sveitarfélaginu Skagafirði
Guðrún Ragnarsdóttir, Húnaþingi vestra

Varaskoðunarmenn reikninga menningarráðs

Þórunn Elfa Sveinsdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði
Ólafur B. Óskarsson, Húnaþingi vestra

Samþykkt samhljóða.

Eftir að kosningum lauk var athugasemd gerð við þá aðferð að greiða atkvæði í einu lagi um stjórn SSNV, sbr. gr. 4.1 í Samþykktum SSNV. Því bar þingforseti sérstaklega upp tillögu um Bjarna Jónsson sem formann og var það samþykkt samhljóða. Þá bar þingforseti upp tillögu um Þóru Sverrisdóttur sem varaformann og var það einnig samþykkt samhljóða.

Önnur mál

Bjarni Jónsson, nýkjörinn formaður, þakkaði fyrir hönd nýrrar stjórnar það traust sem þingið veitti henni. Hann sagði hlutverk SSNV sífellt vera að aukast og mörg stór verkefni í gangi og fleiri væntanleg. Þá ræddi hann aðkomu sveitarstjórna og sveitarstjórnarfulltrúa að sambandinu sem þyrfti að aukast.



Stefán V. Stefánsson árnaði nýkjörinni stjórn allra heilla. Síðan bauð hann til næsta ársþings SSNV í Skagafirði að ári.

Kári Káráson tók undir nauðsyn á góðu samstarfi sveitarfélaganna.

Að lokum þakkaði formaður SSNV þingfulltrúum fyrir árangursríkt þing og starfsmönnum þingsins góð störf. Því næst sagði hann 20. ársþingi SSNV slitið, kl. 13.50.

Fundargerðina rituðu Stefán Haraldsson og Ingibergur Guðmundsson.